

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá kaldavatnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps auglýsir breytingu á gjaldskrá tengigjalda (stofngjalda) kaldavatnsveitu sveitarfélagsins.

Gjaldskráin er eftirfarandi:

Tengigjöld fyrir frístundahús (sumarhús) verður kr. 180.000.

Tengigjöld fyrir íbúðarhús verður kr. 180.000.

Tengigjöld á lögbylí að meðtöldu einu íbúðarhúsi verður kr. 295.000.

Vatnsgjald verður óbreytt eða 0,2 hundraðshlutar af fasteignamati eignar skv. 7. gr. laga nr. 81/1991, með breytingu skv. ákvæði 3. gr. laga nr. 149/1995, með breytingu skv. ákvæði 1. gr. laga nr. 143/2000.

Hámarksgjald verður kr. 20.000 fyrir sumarhús og kr. 20.000 fyrir íbúðarhús.

Gjald fyrir kalt vatn á óbyggðum lóðum þar sem beðið hefur verið um tengingu, kr. 3.000 á ári.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 13. desember 2005.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005